



# Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

79 tölublað 8. árgangur, september 2019 Ábyrgðarmaður: Hjördís Jóna Bóasdóttir

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

## Heil og sæl!

Eftir góða skólabyrjun er fjölbreyttur mánuður framundan. Þar ber fyrst að nefna foreldrafund en sá fundur er fyrir leik og grunnskólastig saman. Farið verður yfir skipulag og annað tengt vetrinum, mentor/karellen og ýmislegt fleira. Þá er þetta kjörin vettvangur til þess að koma með spurningar eða annað sem liggur á ykkur.

Stefnt er á útivistardag 3. sept en við látum það ráðast af veðri. Mikilvægt er að koma í góðum skóm til göngu og klæddur eftir veðri.

Samræmdpróf verða tekinn af 4 og 7 bekk í íslensku og stærðfræði.

7. bekkur fer í sýna fyrstu skólaheimsókn í Dalvíkurskóla. Farið verður með rútu að morgni og til baka þegar degi líkur í Dalvíkurskóla. Umsjónakennarar í Dalvíkurskóla munu taka á móti þeim og kynna þeim fyrir deginum þar.

Farnar verða tvær leiksýningar, önnur til Ólafsfjarðar og hin til Dalvíkur. Sýningarnar taka stuttan tíma svo skóladagurinn mun halda sér að mestu.

Við ætlum að halda upp á dag læsis með bókadag og síðan stefnum við á að taka upp kartöflur þegar fer að líða á mánuðinn.

Ég vonast til að sjá ykkur sem flest á foreldrafundinum

Hjördís Jóna

## Fréttabréfið

Fréttabréfið og viðburðardagatalið sem kemur hér á eftir er ætlað öllum skólanum. Viðburðir sem er talað um er fyrir alla nema ef er sérstaklega tekinn fram bekkur eða árgangur sem á við viðburðinn. Fréttabréf birtist á heimasíðu skólans.

## Afmælisbörn september mánaðar

7. sept Árskógar skóli

7. sept Linus Daniel

7. sept Guðrún Hulda

21. sept Kasper Frej

Bestu afmæliskeðjur frá starfsfólki Árskógar skóla.



# Viðburðadagatal september 2019

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
2. Björt í sumarhúsi leiksýning fyrir 1-3 bekk.	3. Útivistardagur 	4.	5.	6.	7. Árskógarskóli 7 ára 	8. Dagur læsis
9. Bókadagur í skólanum 	10.	11.	12.	13. Ómar orðabelgur leiksýning fyrir elstu leik og 1 bekk.	14.	15.
16.	17. Foreldrafundur 16:30	18.	19. Samræmd próf 7. b. ísl	20. Samræmd próf 7. b. stæ	21.	22.
23.	24.	25.	26. Samræmd próf 4. b. ísl Skólaheimsókn hjá 7.b. í Dalvíkurskóla	27. Samræmd próf 4. b. stæ	28.	29.
30						